

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-97/2010.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. júlí sl. bað X, f.h. A, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á tveimur hvolpum af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið fyrir fjártjóni vegna veikinda og dauða hvolpanna og krefst þess að seljandi greiði sér kr. 540.902 í skaðabætur.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi kæruneftndarinnar, dags. 19. júlí sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og frestur til þess að skila þeim til 4. ágúst sl. Af hálfu lögmans seljanda var óskað eftir lengri fresti sem var veittur og bærust andsvörin 19. ágúst. Með bréfi, dags. 20. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 30. ágúst. Engar athugasemdir bærust. Með bréfi, dags. 9. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Aðdragandi málsins er sá að í ágúst 2007 keypti umbj. minn hvolp af Y, sem ræktar hvolpa til endursölu í atvinnuskyni. Hvolpurinn dó þremur mánuðum síðar eftir mikil veikindi með tilheyrandi fjárútlátum fyrir umbj. minn. Umbj. minn hafði í kjölfarið samband við Y og óskaði eftir endurgreiðslu á kaupverði því sem hún hafði greitt fyrir hvolpinn. Y féllst ekki á endurgreiðslu kaupverðs en bauðst til að láta umbj. minn fá annan hvolp endurgjaldslaust. Í mars 2008 fékk umbj. minn því afhentan annan hvolp af Y sá hvolpur dó í maí 2008 eftir mikil veikindi með tilheyrandi fjárútlátum.

Með meðfylgjandi bréfi dags. 19. ágúst 2008 krafðist fyrrum lögmaður umbjóðanda míns að Y greiddi umbj. mínum bætur vegna kaupanna, en umbj. minn telur að hvolparnir hafi báðir verið veikir þegar hún fékk þá afhenta. Þeirri kröfu var hafnað af seljanda, sbr. meðfylgjandi bréf frá lögmanni Y, dags. 2. september 2008.

Umbj. minn getur á engan hátt unað við þá afstöðu Y að hafna alfarið bótaskyldu. Byggir hún á því að fjártjón hennar sé að rekja til þess að báðir hvolparnir hafi verið veikir við afhendingu. Því til stuðnings vísar umbjóðandi minn til meðfylgjandi læknisvottorðs dýralæknis dags. 2. júní 2008 en þar kemur fram að umbj. minn hafi leitað til dýralæknis örfáum dögum eftir að hún fékk afhentan fyrri hvolpinn þar sem hann hafi verið mikið veikur allt frá afhendingu. Samkvæmt sama vottorði var hvolpurinn síðar greindur með Addison's syndrome, eða óstarfhæfar nýrnahettur. Þá vísar umbj. minn til krufningarskýrslu dags. 14. maí 2008 vegna síðari hvolpsins sem umbj. minn fékk afhentan, en samkvæmt skýrslunni var hvolpurinn haldinn fjölmörgum kvillum er hann

dó, þar á meðal bráðri lifrabólgu, lungnabólgu og æðabólgu. Með vísan til aldurs og ástands hvolpanna er þeir dóu, þess að þeir sýndu báðir einkenni þess að vera veikir strax eftir afhendingu og þess að umbj. mín hafði þá báða hjá sér skamma hríð áður en þeir dóu, byggir umbj. minn á því að rök vísi til þess að þeir hafi báðir verið veikir við afhendingu. Telur umbj. minn því að báðir hvolpanna hafi verið haldnir galla í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup eða laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Því telur umbj. minn að Y beri að endurgreiða henni kaupverð það sem umbj. minn greiddi fyrir fyrri hvolpinn og sjúkrakostnað vegna beggja hvolpa auk lögmanskostnaðar. Umbj. minn byggir rétt sinn á reglum laga nr. 48/2003 um neytendakaup ellegar á reglum laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, einkum á ákvæðum 33. gr. og 1. mgr. 52. gr. laga nr. 48/2003 eða 40. gr. og 1. mgr. 67. gr. laga nr. 50/2000 um skaðabætur. Telur umbj. minn að kaupverð, sjúkrakostnaður og lögmanskostnaður vegna innheimtu bóta verði talið beint og fyrirsjáanlegt tjón í skilningi 1. mgr. 52. gr. 1. nr. 48/2003 og 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 50/2000. Þá vísar umbj. minn til dóms héraðsdóms Vesturlands 10. júní 2009 í máli E-228/2009, en í því máli var viðurkennd bótaskylda seljanda vegna galla á hvolpi, en málsatvik í því máli voru svipuð og í máli umbj. míns.

Umbj. minn krefst þess að fallist verði á bótaskyldu Y vegna þess tjóns sem umbj. minn hefur orðið fyrir vegna galla á hvolpum þeim sem hún keypti af Y. Umbj. minn krefst þess að henni verði greiddar skaðabætur að fjárhæð kr. 540.902 samanber eftirfarandi sundurliðun:

1. Kaupverð.....	180.000
2. Reikningur 13.4.2008-DSV.....	777
3. Reikningur 21.4.2008-DVS.....	4.828
4. Reikningur 6.9.2007-DSV.....	22.424
5. Reikningur 3.9.2007-DSV.....	11.255
6. Reikningur 18.9.2007-DSV.....	4.655
7. Reikningur 3.9.2007-DSV.....	5.184
8. Reikningur 9.5.2008-DVS.....	2.942
9. Reikningur 2.5.-7.5.2008-Dýrasp.	33.117
10. Reikningur 5.12.2007-DSV.....	44.168
11. Reikningur 14.5.2008-DSV.....	5.013
12. Reikningur 8.12.2007-DSV.....	3.636
13. Kostnaður v. krufningar.....	17.172
14. Lögmansþóknun V.H.V.....	130.725
15. Lögmansþóknun Fulltingi.....	75.006

Samtals krónur .....540.902“

#### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, sem rituð eru af lögmanni, segir í upphafi að álitsbeiðandi hafi tapað meintri skaðabótakröfu sinni vegna tómlætis. Kaupin á hvolpunum hafi átt sér stað í ágúst 2007 og mars 2008 og ekkert hafi heyrst frá álitsbeiðanda frá því að lögmaður hans ritaði bréf vegna meintra galla í ágúst 2008 og því bréfi hafi verið svarað 2. september 2008. Sé of langt um liðið til þess að hægt sé að leita álits kærunefndarinnar.

Álitsbeiðanda hafi borið að grípa til tiltækra úrræða strax og meintur galli hafi komið í ljós. Þrátt fyrir að sent hafi verið bréf af hans hálfu til seljanda í ágúst 2008 hafi hann ekki getað dregið von úr viti að aðhafast eitthvað vegna meints galla og fyrst hann hafi ekki gert það hafi seljandi mátt líta svo á að málið væri niður fallið. Verði ekki á

þessar röksemdir fallist mótmæli seljandi því að hvolpurinn hafi verið haldinn galla við kaupin. Segir síðan orðrétt í andsvörunum:

„Líkt og kemur fram í svarbréfi til fyrrum lögmanns kæranda, dags. 2. september 2008, fór hvolpurinn athugasemdalaust í gegnum heilbrigðisskoðun hjá dýralækni við afhendingu. Þá lá fyrir vottorð frá dýralækni, um að hún hafi hvorki orðið vör við né haft grun um lifrabólgu í hundum á hundaræktinni Y og ekki hafi verið staðfest lifrabólguþilfelli hjá Y. Einnig kemur fram í kaupsamningi að hundurinn sé heilbrigðisskoðaður og hafi staðist skoðun.

Líkt og kemur fram í krufningarskýrslu hundsins var hann með bráða lifrabólgu. Lifrabólga er smitandi en staðfest er að enginn hvolpur eða hundur hefur verið greindur með lifrabólgu og ekki hefur komið upp grunur um lifrabólguþilfelli á búinu Y. Lögum samkvæmt eru allir hundar og hvolpar á búinu þó heilbrigðisskoðaðir árlega og hvolpar alltaf fyrir afhendingu. Þá koma dýralæknar, lögum samkvæmt, í fyrirvaralausar eftirlitsskoðunarferðir á búinu en aldrei hefur lifrabólgu- eða lungnabólguþilfelli komið upp. Þannig má ljóst vera að hundurinn smitast af lifrabólgu eftir að hann er kominn til kæranda. Umbj. minn harmar það mjög að kærandi skuli missa hund sinn en á því getur umbj. minn ekki borið ábyrgð.

Varðandi fyrri hundinn þá ákvað umbj. minn, umfram skyldu og án nokkurrar viðurkenningar, að láta kæranda fá nýjan hvolp í staðinn fyrir þann sem dó hjá kæranda eftir nokkurra mánaða dvöl. Var kærandi afar sátt við það og verður að líta svo á að með því hafi viðskiptum vegna þess hvolps lokið og ekki hægt að gera frekari kröfur vegna þeirra kaupa.

Varðandi seinni hvolpinn þá liggur ekkert fyrir í málinu um hvenær hvolpurinn veiktist en eina sem liggur fyrir varðandi veikindi þessa hvolps er krufningarskýrsla hans, dags. 14. maí 2008 eða tæpum þremur mánuðum eftir afhendingu. Ekki er unnt að byggja á einhliða frásögn kæranda sem hún leggur fram með álitsbeiðni („Mín reynsla af Y, hundaræktun.“) en umbj. minn mótmælir henni sem rangri. Miða verður við að hundurinn hafi fyrst orðið veikur nokkrum vikum eftir að hann komst í umsjá og vörslur kæranda.“

Þá segir í andsvörunum að seljandi muni leggja fram vottorð dýralæknis sem staðfesti að lifrabólguþilfelli hafi ekki komið upp á Y og því megi vera ljóst að hvolpurinn hafi fengið bráða lifrabólgu eftir að hann kom á heimili álitsbeiðanda. Þá segir í andsvörunum að ekki hafi verið um galla að ræða þar sem hvolpurinn hafi verið heilbrigður við afhendingu heldur hafi hann drepist úr bráðsmitandi sjúkdómi. Seljandi geti að sjálfsögðu ekki sannað eða skýrt hvernig þetta smit hafi komið til. Köttur sem álitsbeiðandi hafi átt hafi sem best getað smitað hvolpinn. Eftir dauða hvolpsins hafi álitsbeiðandi kært seljanda vegna þess að lifrabólgu væri að finna á hundaræktarbúinu. Af því tilefni hafi verið tekin sýni úr öllum hundum og hvolpum búins og niðurstaðan verið sú að þar væri ekki að finna lifrabólgu eða lungnabólguþilfelli. Þá hafi dýralæknir margsinnis boðið kæranda að taka til ræktunar saursýni úr hinum hundi álitsbeiðanda svo og kettinum til að athuga hvort þeir væru smitberar en það hafi álitsbeiðandi ekki viljað.

Þá kemur fram í andsvörum álitsbeiðanda að hann telur vísun til dóms Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. .... vera ranga en ekki þykir ástæða til að rekja þær röksemdir hér.

V  
Úr gögnum málsins

Álitsbeiðninni fylgdi vottorð dýralæknis á Dýraspítalanum í Víðidal, dags. 2. júní 2008. Þar kemur fram að 3. september 2007 hafi hvolpurinn [fyrr hvolpurinn] verið hálf meðvitundarlaus fyrr um kvöldið en rankað við sér eftir meðalagjöf. Hann hafi verið lagður inn 5. september meðvitundarlítill og með heilaeinkenni. Hinn 16. september er skráð að hvolpurinn hafi ælt kvöldið áður og fengið niðurgang, sé með litla meðvitund og reigi höfuðið aftur. Hinn 28. september er skráð að gerð sé prufa vegna Addisons og að greining hafi verið staðfest. Hvolpurinn hafi verið settur á stera. Þá hafi hann verið í reglulegri meðhöndlun til nóvemberloka, þá hrakað skjótt og hafi hann drepist þrátt fyrir meðhöndlun.

Álitsbeiðninni fylgdi einnig skjal með yfirskriftinni „Svar við rannsóknarbeiðni“ og þar kemur fram að hræ af hundi álitsbeiðanda, [seinni hvolpurinn] hafi verið rannsakað, en hræið var mótttekið 5. maí 2008. Í vottorðinu segir m.a. orðrétt:

„Mótttekinn hundur, hvolpur, tibet spaniel, örmerki nr....., sem vó 1061 grömm. Slímhimnur voru mjög fölar. Fremri lungnableðill vinstra megin var samfallinn og dökkur. Hjartað var fölt. Um 50 ml af gulleitum, tærum vökva var í kviðarholi. Lifur var mjög mislit, ljósrauð og þétt viðkomu. Bjúgur var í gallblöðruvegg og fíbrínþræðir á yfirborði garna. Í mjógörn var lítið innihald og einstaka bandormur. Vefjaskoðun sýndi mikinn þrota í lifrarfrumum. Innlyksur voru í kjörnum lifrarfruma og stórætum lifrar. Í milta var mikil blóðmyndun. Í lunga voru samfallin svæði og svæði með bráðri vægri bólgu í lungnablöðrum. Í einni stórrí bláæð var bráð bólga. Mikill frumudauði var í eitilfrumum í mjógörn en engin merki um bólgu. Mjög væg steinefnaútfelling var í nýra. Niðurstaða: Bráð lifrabólga með innlyksum; jákvæð ónæmislitun fyrir smitandi lifrabólgu (HCC). Blóðskortur Mjög væg, bráð lungnabólga og æðabólga. Bandormasýking væg.“

Skjal þetta var sent héraðsdýralækninum í Gullbringu- og Kjósarumdæmi.

Andsvörunum fylgdu tölvupóstsamskipti álitsbeiðanda og starfsmanns Y. frá því í apríl 2008. Þar heldur starfsmaðurinn því fram að álitsbeiðandi hafi átt að greiða kr. 20.000 þegar hún fékk síðari hvolpinn vegna þess að hún hafi valið Tíbet hvolp en ekki Chihuahua eins og til hafi staðið. Álitsbeiðandi svarar því til að síðari hvolpurinn sé búinn að vera mikið veikur og því hafi fylgt mikill kostnaður og því ekki sanngjarnt að hún þurfi að greiða kr. 20.000 á milli. Spyr síðan hvort ekki sé sanngjarnt að fella greiðsluna niður. Í gögnum málsins sést ekki hvort svo hafi farið eða ekki.

Lögmaður seljanda sendi kæruneftndinni 3. september sl. eftirfarandi vottorð dýralæknis hundaræktarbúsins Y, dags. 7. mars 2008:

„Það vottast hér með að undirrituð hefur bólusettt árlega, síðan í janúar 2006, alla fullorðna hunda hjá Y gegn parvoveirusýkingu [niðurgangur] svo og sníkjudýrahreinsað. Einnig hafa hvolpar búsins við 8 vikna aldur verið einstaklingsmerktir, heilbrigðisskodaðir, bólusettir gegn parvoveiru svo og ormahreinsaðir. Hvað varðar lifrabólgu í hundum þá hefur undirrituð hvorki orðið vör við sjúkdóminn hjá Y né haft grun um hann. Ekki hafa verið staðfest lifrabólguþilfelli hjá Y, að minni vitund.“

Lögmaður seljanda sendi kæruneftndinni gögn sem bera það með sér að tekin voru blóðsýni úr 10 hundum hjá Y að tilhlutan héraðsdýralæknisins í Gullbringu- og Kjósarumdæmi. Fimm hundanna voru á aldrinum tveggja til fimm ára og fimm voru fæddir á tímabilinu frá 28. janúar til 10. apríl 2008. Sýnin voru send til Statens

Veterinärmedicinska Anstalt í Svíþjóð. Óskað var eftir mótefnamælingu með tilliti til smitandi lifrabólgu (HCC). Niðurstöður stofnunarinnar eru dags. 26. júní 2008. Að sögn héraðsdýralæknisins bera niðurstöðurnar með sér að ekki hafi verið um nýsmit lifrabólgu að ræða í þessum hundum. Samkvæmt upplýsingum dýralæknisins veikist hundur af lifrabólgu 4-9 dögum eftir að hann smitast veikist hann af smitinu á annað borð. Fram kemur í gögnum málsins að álitsbeiðandi hafi fengið síðari hvolpinn, afhentan 11. apríl og hinn 20. apríl hafi henni fundist hann eitthvað skríttinn. Hinn 21. apríl hafi hann verið veikur og 22. apríl veikur og meðvitundarlaus. Héraðsdýralæknirinn sagði það sína skoðun að á grundvelli þess sem að framan segir að mjög litlar líkur væru á því að hvolpurinn hefði verið með lifrabólgu smit þegar hann var afhentur álitsbeiðanda. Þá tók héraðsdýralæknirinn fram að hann hefði rannsakað hvort bandormar fyndust í þeim hvolpum sem voru í sömu stíu og hvolpurinn eða foreldrum hans og hefði svo ekki verið.

Héraðsdýralæknirinn kvað sig minna að álitsbeiðandi hefði verið boðið að tekið yrði sýni úr gæludýrum hennar til að kanna hvort þau væru með smitandi lifrabólgu en hún hafnað því.

Álitsbeiðninni fylgdi skriflegur samningur, dags. 11. apríl 2008, um kaup á síðari hvolpinum án þess að kaupverð sé sérstaklega tilgreint. Það segir m.a.: Hvolpurinn er heilbrigðisskoðaður og virðist að öllu leyti heilbrigður og rétt skapaður. Komi einhverjir gallar fram í hundinum svo sem hnéskeljavandamál, hjartagalli, eftir að hann kemur á nýja heimilið hefur kaupandinn ekki endurkröfur á seljanda/ræktanda hundsins.“

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Af gögnum málsins þykir kærunefndinni ljóst að fyrirtækið Y hafi atvinnu af því að rækta og selja hunda. Í tilviki álitsbeiðanda var um gæludýr að ræða. Af framangreindum ástæðum verður að líta svo á að ágreiningur aðila falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins keypti álitsbeiðandi Chihuahua hvolp af Y sem hún kveðst hafa fengið afhentan 29. ágúst 2007. Hundurinn var nefndur B. Fyrir átti hún tók af sama kyni sem hún fékk afhenta 26. desember 2006. Álitsbeiðandi segir hundinn B hafa drepist 23. nóvember og kemur fram í vottorði Dýraspítalans í Víðidal að hann hafi greint með Addison's sjúkdóm sem væntanlega hefur orðið honum að aldurtila. Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi óskað eftir því við seljanda að hún fengi kaupverð hvolpsins endurgreitt en seljandi ekki fallist á þá ósk. Seljandi hafi hins vegar boðist til að láta álitsbeiðanda fá annan hvolp í staðinn sem hún ljóslega þáði. Hvolpinn fékk hún afhentan 11. apríl 2008 samkvæmt skriflegum samningi, eða tæpum 5 mánuðum eftir að fyrri hvolpurinn drapst. Í framangreindum samningi er ekki getið um hugsanlegar skaðabótakröfu álitsbeiðanda vegna kostnaðar við lækni meðferð fyrri hvolpsins. Hins vegar kemur fram í tölvupóstsamskiptum aðila frá 26. apríl 2008, þ.e. skömmu eftir afhendingu síðari hvolpsins, að seljandi segir ógreidda umsamda greiðslu, kr. 20.000, vegna þess að álitsbeiðandi hafi fengið dýrari hvolp í seinna skiptið en það fyrra. Álitsbeiðandi spyr hvort ekki sé sanngjarnt að fella þessa greiðslu niður því að hún hafi þurft að kosta miklu til vegna lækni meðferðar á síðari hvolpinum og lækni meðferð

fyrri hvolpsins hafi verið kr. 200.000. Það er síðan með bréfi lögmans álitsbeiðanda, dags. 19. ágúst 2008, að seljandi er krafinn um skaðabætur þ.á m. fyrir læknis meðferð, en þeim kröfum hafnaði lögmaður seljanda í bréfi, dags. 2. september s.á. Samkvæmt bréfi lögmans álitsbeiðanda og því sem fram kemur í álitsbeiðni var umkrafinn lækniskostnaður áður en álitsbeiðandi fékk síðari hvolpinn afhentan, kr. 91.322, þ.e. reikningar, dags. frá 6. september til 8. desember 2007.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er ljóst að lækniskostnaður álitsbeiðanda vegna fyrri hvolpsins lá fyrir þegar hún óskaði eftir endurgreiðslu kaupverðsins og gerði í framhaldi af því skriflegan samning um kaup síðari hvolpsins, 11. apríl 2008, án þess að þar væri í nokkru getið um hugsanlega skaðabótakröfu á hendur seljanda. Í tölvupóstsamskiptum aðila 26. apríl 2008 gerir álitsbeiðandi ekki heldur kröfu um að seljandi greiði lækniskostnað vegna fyrri hvolpsins, sem hún segir þó vera tæplega kr. 200.000, heldur mælist til þess að þurfa ekki að greiða seljanda kr. 20.000 vegna fyrri hvolpsins þar sem hún hafi þurft að greiða lækniskostnað vegna beggja hvolpanna. Það er því ekki fyrr en með bréfi lögmans álitsbeiðanda frá 19. ágúst 2008 að krafa álitsbeiðanda um að seljandi greiði lækniskostnað og þá vegna beggja hvolpanna, er sett fram en þeirri kröfu var hafnaði lögmaður seljanda í bréfi frá 2. september s.á. Af gögnum málsins veður ekki annað séð en við svo búið hafi staðið þar til álitsbeiðandi biður um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa 15. júlí sl.

Með framanskráð í huga telur kæruneftndin að seljandi hafi mátt líta svo á að viðskipti aðila vegna sölu fyrri hvolpsins væru gerð upp að fullu með samningnum um afhendingu síðari hvolpsins og því hafi þessi hluti þeirrar skaðabótakröfu sem álitsbeiðandi síðar gerði verið fallinn niður hafi hún átt rétt á sér á annað borð á sínum tíma sem kæruneftndin tekur ekki afstöðu til.

Það er álit kæruneftndarinnar að álitsbeiðandi hafi kvartað undan galla á síðari hvolpinum í samræmi við ákvæði 27. gr. laga nr. 48/2003, sbr. bréf lögmans hennar, dags. 19. ágúst 2008. Enda þótt ekki komi fram í gögnum málsins að álitsbeiðandi hafi aðhafst neitt til að halda fram skaðabótakröfu á hendur seljanda síðan þá telur kæruneftndin að ekki sé hægt að líta svo á að krafan vegna síðari hvolpsins sé fallin niður vegna tómlætis.

Að því er varðar bætur fyrir síðari hvolpinn, þ.e. kaupverð og lækniskostnað hans vegna, verður að hafa í huga ákvæði 18. gr. neytendakaupalaga um tímamark galla en lagagreinin er svohjóðandi:

- Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar.
- Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.
- Seljandi ber einnig ábyrgð á galla sem kemur fram síðar ef ástæðu gallans má rekja til vanefnda af hans hálfu. Sama á við þegar seljandi hefur með ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum hætti ábyrgst að hluturinn hafi tiltekna eiginleika eða að hlut megi nota með venjulegum eða sérstökum hætti tiltekinn tíma eftir afhendingu. Ábyrgðaryfirlýsing er bindandi fyrir yfirlýsingargjafann með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni og í auglýsingum tengdum henni.

Samkvæmt almennu skaðabótareglunni ber þeim sem telur sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni að sanna að svo sé og jafnframt að sá sem bótakröfu er beint að eigi sök á tjóninu. Í 2. mgr. 18. gr. neytendakaupalaga, sem að framan er rakin, er í viðskiptum seljanda og neytanda sem undir neytendakaupalögin falla sönnunarbyrðinni snúið við í ákveðinn tíma, þ.e. komi galli í ljós á söluhlut á næstu 6 mánuðum frá afhendingu hans ber að miða við að gallinn hafi verið til staðar við afhendingu söluhlutarins nema annað sannist. Hér er um undantekningarreglu að ræða sem samkvæmt lögskýringarreglum ber að skýra þröngt. Seljandinn verður samkvæmt reglunni að sanna að gallinn hafi ekki verið til staðar við afhendingu heldur hafi hann komið til síðar.

Hins vegar er það svo í máli þessu, þegar litið er til þess sem kemur fram í niðurstöðum Statens Veterinärmedicinska Anstalt í rannsókn á sýnum úr hundum á búi Hundagallerísins ehf. vegna lifrabólgu smits og álitni héraðsdýralæknis á því hvort hvolpurinn hafi verið smitaður af lifrabólgu þegar hann var afhentur, að kærunefndin álitur að það ríkar sannanir liggi fyrir um að hvolpurinn hafi ekki verið smitaður við afhendingu að sönnunarbyrðin um hið gagnstæða hvíli á álitsskiðanda, sbr. það sem fram kemur í upphafi 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um að hin sérstaka sönnunarregla gildi einungis sannist ekki annað. Í því sambandi má hafa í huga að héraðsdýralæknirinn bauð álitsskiðanda að öllum líkindum að taka sýni úr gæludýrum hennar til þess að kanna hvort þau gætu hugsanlega verið smitberar. Samkvæmt framansögðu álitur kærunefndin að ósannað sé að hvolpurinn hafi verið smitaður af lifrabólgu þegar hann var afhentur álitsskiðanda og því verði að hafna kröfum hennar að því er hvolpinn varðar. Kröfum álitsskiðanda er því hafnað í heild sinni.

## VII

### Álitsskið

Kröfum álitsskiðanda, A, er hafnað.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Ólafur R. Guðmundsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir